

Að því er snertir niðurfærslu stefnda á kröfunni kr. 4350,00 niður í kr. 771,59, þá er þar til að svara að stefndur hefir að vísu lagt fram eins konar reikningsyfirlit óundirskrifað og óstaðfest, sem á að sýna að eftirstöðvar farmgjaldsins sjeu aðeins 2851 kr. 59 au. danskar, en þar sem þessum reikningum hefir verið algjörlega mótmælt af stefnanda, þá verður ekkert tillit hægt að taka til þessara reikninga nje skaðabótakröfunnar 2080 kr. Aðaldómkröfuna verður því að byggja á tryggingarupphæðinni, sem geymd á að vera í Íslandsbanka, og álitast verður að skipstjórinn og stefndur hafi komið sjer saman um, og sem einmitt er sú upphæð, sem stefnt er fyrir.

Það verður því að dæma stefnda til að greiða kr. 4350,00. Vaxtakröfu stefnanda verður og að taka til greina, þó þannig að vextir eru ákveðnir $7\frac{1}{2}\%$. Eftir útslitum málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst hæfilegur 300 kr.

Dráttur sá er orðið hefir á dómsuppsögn í máli þessu, stafar svo að segja einvörðungu af fjarveru dómaraoddivitans frá heimili sínu, sem hefir verið með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda, enda haft sínar fylstu orsakir.

Miðvikudaginn 18. mars 1925.

Nr. 26/1924. **Gísli J. Johnsen** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

skiftaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Jóhanns L. S. Austmanns, Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartardóttur, Jóni Árnasyni, Brynjólfi Sigfússyni og Árna Sigfússyni (Sveinn Björnsson).

Um gildi arfleiðslugjörnings.

Úrskurður skiftarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 21. okt. 1922: Hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns heitins Stefánssonar Austmann skal ónýtt vera.

Dómur hæstarjettar.

Málavextir eru þeir í máli þessu, að árið 1908 hafði Jóhann Lárus Stefánsson Austmann í Vestmannaeyjum, að beiðni þálfandi móður hans, verið sviftur fjárforræði vegna andlegrar veiklunar og var áfrýjandi skipaður fjárráðamaður hans. Eftir því sem upplýst er í málinu veiktist Jóhann snögglega og hættulega 26. jan. 1919. Að kvöldi næsta dags, 27. jan., var áfrýjandi, ásamt hjeraðslækninum í Vestmannaeyjum og tveimur mönnum öðrum, er áfrýjandi hafði kvatt til að vera votta, staddur á heimili Jóhanns og lýsti þá Jóhann yfir þeim vilja sínum, um ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að áfrýjandi ráðstafaði þeim til spítalaskjóðs eða spítala í Vestmannaeyjum, en Jóhann átti ekkert arfgengt afkvæmi. Næsta dag, 28. jan., skrásettu þessir fjórir menn þennan gjörning, en Jóhann hafði þá andast um nóttina áður. Ritaði hjeraðslæknirinn á gjörninginn vottorð um að sjúklingurinn væri með fullu ráði og rænu, þegar ofanefndar samræður fóru fram. 13. nóvember 1919 staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneytið þessa arfleifsluráðstöfun Jóhanns, en áður höfðu fjórir af erfingjum hans, á skiftafundi 20. júní 1919, mótmælt gildi hennar. Hinn 17. nóv. 1919 staðfestu vottarnir og hjeraðslæknirinn, í aukarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar, arfleifslugjörninginn og lýstu því allir yfir að arfleifandi hefði haft fult ráð og rænu, er hann gerði umrædda ráðstöfun. Eftir að skiftarjettur Vestmannaeyjakaupstaðar hafði kveðið upp úrskurð í málinu 12. febr. 1921 og sá úrskurður verið ómerktur með dómí hæstarjettar 22. júní 1921, lyktaði málinu loks með úrskurði skiftarjettarins 21. okt. 1922 á þá leið að hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns Lárusar Stefánssonar Austmanns

skyldi vera ónýtt. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi, með stefnu dags. 16. júní f. á. og skírskotun til 28. sbr. 27. gr. hæstarjettarlaganna, skotið til hæstarjettar, en máli þessu hafði áður verið vísað frá hæstarjetti með dómi rjettarins 17. mars f. á.

Stefndu hafa bygt kröfu sína um ógildingu arfleiðslugjörningsins aðallega á því, að arfleifandi vegna geðbilunar hafi verið óhæfur til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag. Hafa þeir í því efni vísað til fjárforræðissviftingar hans 1908 og til vitnisburða nokkurra vitna, er borið hafa að þau hafi álitnið Jóhann heitinn andlegan aumingja eða fáráðling. Af hálfu áfrýjanda hafa komið fram nokkrir vitnisburðir, flestir eftir að hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp, er fara í bága við þetta, og um þá andlegu veiklun, er olli fjárræðissviftingu Jóhanns 1908, er ekkert nánara upplýst í málinu. Það verður því ekki talið, að stefndu hafi hnekt umgetnum framburði arfleiðsluvottanna og hjeraðslæknisins í aukarjettinum svo að arfleiðslugjörningurinn verði metinn ógildur af þeirri ástæðu. Af þessum sökum, og með því að lita verður svo á að vilji arfleifanda komi nægilega skýrt í ljós í gjörningnum og það að arfleifandi kvaddi eigi sjálfur vottana til, getur engin áhrif haft á gildi gjörningsins, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og meta umræddan arfleiðslugjörning gildan og leggja fyrir skiftarándann að taka hann til greina við skifti búsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma erfingja þá, sem komið hafa fram sem aðilar í málinu, þau Sigurð Ólafsson, Rósu Hjartardóttur, Jón Árnason, Brynjólf Sigfússon og Árna Sigfússon, til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti in solidum með 200 krónum.

Skiftaráðandinn, Karl bæjarfógeti Einarsson, hafði þetta mál til úrskurðar frá 23. febrúar 1922 til 21. okt. s. á., eða nærfelt 8 mánuði, og er þessi dráttur ekki rjettlættur. Fyrir því verður að láta hann sæta sekt samkv. 17. gr. tilsk. 15. ágúst 1832. Ákveðst sektin 40 krónur og renni í fátækra sjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Því dæmist rjett vera:

Arfleiðslugjörningur sá, er Jóhann Lárus Stefánsson Austmann gjörði munnlega hinn 27. janúar 1919 og skrásettur var hinn 28. janúar s. á., skal gildur metinn og ber skiftaráðandanum að taka hann til greina við skifti dánarbúsins.

Stefndu, Sigurður Ólafsson, Rósa Hjartardóttir, Jón Árnason, Brynjólfur Sigfússon, og Árni Sigfússon, greiði áfrýjanda Gísla J. Johnsen in solidum málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Skiftaráðandinn, Karl bæjarfógeti Einarsson, greiði 40 kr. sekt í fátækra sjóð Vestmannaeyjakaupstaðar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur skiftarjettarúrskurðar 12. febr. 1921 hljóða svo:

Arfleifandi Jóhann Lárus Stefánsson Austmann, er andaðist nóttina milli 27. og 28. janúar 1919, gerði ráðstöfun er umræðir í rjettarskjali nr. 1 um eignir sínar eftir sinn dag þá munnlega,

en ráðstöfun þessi er skrásett næsta dag, og síðar staðfest fyrir skifta- og ankarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar.

Þetta bera skjöl málsins með sjer.

Nokkrir af erfingjunum hafa vefengt ráðstöfun þessa, og telja arfleifanda ekki hafa haft frekar vitsmuni til að ráðstafa eignum sínum eftir sinn dag, en hann hafði til að stjórna þeim í lifanda lífi, en maður þessi var gjörður ómyndugur eins og skjölin bera með sjer hinn 24. nóv. 1908.

Ástæður til þess að arfleifandi var gjörður ómyndugur var andleg veiklun, sbr. rjettarskjal nr. 8 og vitmunaskortur, sjá sama rjettarskjal.

Af því sem síðar er upplýst í máli þessu verður ekki betur sjeð en hin andlega veiklun, er gjörði það að verkum að arfleifandi var gjörður ómyndugur hafi viðvarað, og verður því að taka kröfu þeirra erfingja, er hnekkja vilja umræddri ráðstöfun eignanna, til greina.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Dómariinn tekur það fram, að hann hafi reynt að fá álit fjarverandi erfingja um atriði það sem fyrir liggur til úrskurðar, en bæði hefir álit þeirra verið sundurleitt og sumpart ekki náðst í þá alla, enda ekki kunnugt um yerustað sumra þeirra.

Mál þetta liggur fyrir á svipaðan hátt og síðast er úrskurður var kveðinn upp í því og sjerstaklega hafa ástæður þeirra, sem hafa haldið ráðstöfuninni fram ekki batnað; sjerstaklega skal tekið fram um vitnisburð Eiríks Hjálmarssonar, að enda þótt hann kunní að hafa verið rjettur í alla staði frá hans sjónarmiði, þá er það notorist að arfleifandi var hjer kunnur sem fábjáni. Verður því að álitast með tilvísun til úrskurðar í málinu 12. febrúar 1921 að ekki sje ástæða til að breyta honum að neinu leyti og vísast því til hans í öllum atriðum, sem ekki eru upplýst síðan.

Hið nýja vottorð hjeraðsláknisins í Vestmannaeyjum dags. 26. maí 1921 virðist staðfesta fyrri vottorð hans í þessu máli og getur því ekki breytt úrslitum í þessu máli.